

77.fundargerð Holta- og hlíðahverfis.

Haldinn í Glerárskóla, 16.september 2014.

Mættir eru: Óskar Ingi Sigurðsson, Berglind Rafnsdóttir, Pétur Örn Birgisson, Sigurður Magnússon og Sigrún Elva Briem.

1. Formannsskipti

Óskar Ingi Sigurðsson óskar eftir því að láta af formennsku þetta starfsárið þar sem hann verður í umhverfisráði annars staðar og fannst honum þetta skarast á við hvort annað. Berglind tekur aftur við formennsku.

2. Breyting á fundartíma

Óskað er eftir breyttum fundartíma af einum nefndarmanna og ákveðið er að flytja tímann til kl. 18:15, fyrsta hvern þriðjudag í mánuði.

3. Skólaráð

Sigrún óskar að losna undan ritarastarfinu þar sem hún er fulltrúi okkar í skólaráði. Berglind tekur við ritarastarfinu.

4. Akureyrar-vaka

Almenn ánægja nefndarmanna var með pikk-nikk ferðina í Kvenfélagsreitnum á Akureyrarvöku. Um 70 manns lögðu leið sína í garðinn til okkar og var mikið spjallað, hlaupið og haft gaman. Þó nokkrir komu með teppi og nesti á meðan aðrir settust í stóla sem nefndin hafði raðað upp í garðinum, ásamt borðum. Óskar býr rétt hjá Kvenfélagsreitnum og hellti hann upp á kaffi og bauð öllum sem vildu. Einnig var keyptur ís og frostpinnar og öllum boðið. Börnin fengu blöðrur í mörgum litum og eins höfðu nefndarmenn hengt blöðrur upp í mörg tré. Veðrið var fínt og fólk hafði gaman af. Nefndin ætlar að leggjast yfir í vetur hvernig hægt verði að betrumbæta næsta ár.

5. Kvenfélagsreiturinn

Í kjölfar umræðu um Kvenfélagsgarðinn finnst okkur að auka mætti um 1 borð/bekk í garðinum og munum við setja það í áætlun umhverfisfjárlögin fyrir árið 2015.

6. Leikvellir við Litluhlíð og Sunnuhlíð

Nefndinni barst erindi frá húsfélaginu Smárahlíð 1-3-5-7-9 þar sem óskað var eftir að fundið væri út hver ætti að sjá um leiksvæðis við blokkina. Þessi leikvöllur er að verða hættulegur börnum. Nefndinni barst líka erindi frá íbúa sem benti á að leikvöllurinn við Litluhlíð væri orðinn illa farinn og væri orðinn hættulegur börnum.

Erindin voru send til Jóns Birgirs Gunnlaugssonar, forstöðumanns umhverfismála hjá Akureyrarbæ og fékkst eftirfarandi svar:

„Nefndur leikvöllur er innan lóðar Smárahlíðar 1,3,5,7 og 9. Það er því húsfélagsins að viðhalda honum.“

„Leikvöllur við Litluhlíð 6 er innan lóðar og ekki á ábyrgð Akureyrarbæjar“

Erindum verður svarað af hálfu hverfisnefndar.

7. Skilti á gömul hús

Rætt var um hvort ætti að halda áfram með að merkja gömul hús í hverfinu. Nefndarmenn eru á því að þetta sé gott verkefni og því beri að viðhalda.

8. Lönguhlíðar- leikvöllur

Leikvöllurinn er að verða mjög finn. Húsi til að leika sér í, var sett á hann í sumar og heyrst hefur að setja eigi upp körfuboltaspjald þar upp. Nefndin fagnar því. Þó var rætt um að engin ungbarnaróla sé á leikvöllinum og spurt er nú hvort hægt sé að skipta út annarri rólunni fyrir ungbarnasæti eða hvort hægt sé að setja upp aðrar rólum með slíkum sætum.

9. Seljahlíðarvöllur, Bekkir og borð, grill

Nefndarmenn ræddu um Seljahlíðarvöllinn og hvernig hugmyndir væru í gangi hvað skyldi vera þar. Bekkir voru settir þar fyrir sumarið en grillið gleymdist. Þarna væri gott að fá annað bekkja-borð og munum við óska eftir því í næstu umhverfisfjárlögum.

10. Krossanesbraut – umferðarpungi.

Nýjir nefndarmenn búa við Krossanesbraut og hafa miklar áhyggjur af börnum hverfisins vegna umferðarpunga við brautina. Þar sé keyrt mjög hratt, bæði af litlum og stórum bílum. Handan götunnar er leiksvæði barna með fótoltamörkum og börnin hlaupa bara yfir götuna þegar þau sjá sér færi. Engin gangbraut er yfir. Rætt var um hvað væri í boði til að minnka þennan umferðarpunga og hvað væri hægt að gera vegna barnanna. Telur nefndin að þetta er verkefni sem hugsá þarf nánar um og útfæra hvað er hægt að gera við.

Margt skrafað en ekki fært til bókunar.

Næsti fundur ákveðinn 7.október 2014 kl. 18:15.

Berglind Rafnsdóttir